

**Nd.**

## **246. Breytingartillögur**

við frv. til l. um jöfnunarsjóð aflahluta.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „jöfnunarsjóður aflahluta“ komi: hlutatryggingarsjóður íslenskra fiskiskipa og kallast í lögum þessum hlutatryggingarsjóður.
2. Við 2. gr. Í stað „jöfnunarsjóði“ komi: hlutatryggingarsjóði.
3. Við 3. gr. Í stað „jöfnunarsjóði“ og „jöfnunarsjóðs“ komi: hlutatryggingarsjóði og hlutatryggingarsjóðs.
4. Við 4. gr. Í stað „jöfnunarsjóði“ komi: hlutatryggingarsjóði.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn. Stjórnin velur sér formann. Tryggingarstofnun ríkisins annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins fyrir þóknun, er ráðherra ákveður. Ráðherra ákveður stjórninni þóknun fyrir störf hennar.
6. Við 6. gr. Í stað „jöfnunarsjóðs“ komi: hlutatryggingarsjóðs.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:  
Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, setur með reglugerð nánari ákvæði um hlutatryggingu íslenskra fiskiskipa samkvæmt lögum þessum. Í reglugerð skal m. a. ákveða, hvað telja skuli „hlutarráðningu“ og „sameiginlegan kostnað“ samkv. 1. gr. Ákvæði laganna um greiðslur til sjóðsins taka gildi frá og með útgáfudegi reglugerðar samkv. þessari grein.
8. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: sbr. þó síðasta málslíð 7. gr.
9. Fyrirsögn frv. verði:  
Frumvarp til laga um hlutatryggingu íslenskra fiskiskipa.